



Ársreikningur Bygðastofnunar 2024

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2024, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 27. febrúar 2025.

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS").

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðunum.

Afkoma ársins var jákvæð um 1.304,7 milljónir króna á móti jákvæðri afkomu upp á 703,5 milljónir króna árið 2023. Eiginfjárhlutfall í lok árs skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 23,17%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Þá annast stofnunin framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Skrifstofa stofnunarinnar er á Sauðárkróki.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Bygðastofnunar 2024

- Afkoma ársins var jákvæð um 1.304,7 milljónir króna.
- Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 23,17% en skal að lágmarki vera 8%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 1.325 milljónir króna eða 49,6% af vaxtatekjum, samanborið við 1.243 milljónir króna (46% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2023.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 653 milljónum króna samanborið við 623 milljónir árið 2023.
- Eignir námu 30.117 milljónum króna og hafa hækkað um 4.782 milljónir frá árslokum 2023. Þar af voru útlán 25.061 milljónir samanborið við 22.071 milljón í árslok 2023.
- Skuldir námu 24.114 milljónum króna og hækkuðu um 3.477 milljónir á árinu 2023.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Elíasson forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu arnar@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

	2024 Þús. kr.	2023 Þús. kr.	2022 Þús. kr.
Yfirlit um afkomu			
Vaxtatekjur.....	2.670.446	2.706.642	2.303.782
Vaxtagjöld.....	1.345.188	1.463.293	1.509.810
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>1.325.258</i>	<i>1.243.349</i>	<i>793.971</i>
Aðrar rekstrartekjur.....	743.704	656.934	721.552
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>2.068.962</i>	<i>1.900.283</i>	<i>1.515.523</i>
Önnur rekstrargjöld.....	764.277	1.196.783	1.039.401
Afkoma ársins.....	1.304.685	703.500	476.122

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána lánsloforða og annarra krafna

-276.899 164.172 81.443

Efnahagsreikningur

Eignir

	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022
Handbært fé.....	2.636.872	926.930	1.686.337
Markaðsskuldabréf.....	355.927	340.013	314.432
Aðrar kröfur.....	4.639	25.296	75.254
Hlutabréf.....	332.572	285.687	268.913
Fullnustueignir.....	10	10	60.010
Hlutdeildarfélag.....	968.970	904.568	907.860
Útlán til viðskiptavina.....	25.060.931	22.071.447	20.072.461
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	757.442	781.796	806.150
Eignir samtals.....	30.117.363	25.335.747	24.191.417

Skuldir og eigið fé

Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	23.406.323	19.901.162	19.290.410
Óráðstöfuð framlög.....	563.986	529.287	681.468
Aðrar skuldir.....	144.030	206.960	224.700
Skuldir samtals.....	24.114.339	20.637.408	20.196.578

Eigið fé

Eiginfjárframlag.....	7.800.000	7.800.000	7.800.000
Uppsöfnuð afkoma.....	-1.796.976	-3.101.661	-3.805.161
Eigið fé samtals.....	6.003.024	4.698.339	3.994.839

Skuldir og eigið fé samtals.....

30.117.363 25.335.747 24.191.417

Sjóðstreymi

	2024	2023	2022
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	-1.734.762	-913.756	505.204
Fjárfestingarhreyfingar.....	-11.338	0	-299.000
Fjármögnunarhreyfingar.....	3.474.050	163.058	329.788
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>1.727.950</i>	<i>-750.698</i>	<i>535.992</i>
Gengismunur á handbæru fé.....	-18.008	-8.709	32.717
Handbært fé í ársbyrjun.....	926.930	1.686.337	1.117.627
Handbært fé í lok árs.....	2.636.872	926.930	1.686.337

Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki

23,17% 22,64% 19,72%